

5. apríl 2011
SI-73964

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum. 659. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvubréfi dags. 1. apríl 2011 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu er lög til breytingu á h-lið 2. mgr. 99. gr. laganna, sem lýtur að endurendurskipulagningu fjárhags lánastofnana.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu kemur fram að frumvarpið er lagt fram í kjölfar dóms „High Court of Justice, Queen’s Bench Divison, Commercial Court“. Túlkun enska dómstólsins á ákvæði 2. mgr. 99. gr. laga nr. 161/2002 gengur gegn grunnsjónarmiðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., svo og XII. kafla laga nr. 161/2002. Ef túlkun hans yrði hins vegar almennt lögð til grundvallar á Evrópska efnahagssvæðinu er líklegt að mál yrðu í mörgum tilvikum rekin fyrir dómstólum bæði erlendis og hér á landi, með tilheyrandi kostnaði. Því er lagt til að orðalagi h-liðar 2. mgr. 99. gr. verði breytt þannig að öllum hugsanlegum vafa verði eytt um að túlka beri ákvæðið til samræmis við 32. gr. tilskipunar 2001/24/EB, þ.e. samkvæmt orðanna hljóðan, og að einungis mál sem höfðuð hafa verið fyrir upphaf endurskipulagningar eða slitameðferðar verði undanþegin málshöfðunartakmörkunum skv. 2. mgr. 99. gr.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Tryggvi Pálsson
framkvæmdastjóri